

Borgarstjórn
16. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um aðgerðir til að bæta námsárangur barna með annað móðurmál en íslensku

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðist verði í aðgerðir til að bæta námsárangur barna með annað móðurmál en íslensku og brúa það bil sem er á stöðu þeirra borið saman við önnur börn. Tekið verði í notkun viðurkennt matstæki þar sem könnuð er almenning þekking og námsleg staða barna á þeirra eigin móðurmáli. Gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á áætlunum um móttöku barna í leik-, grunnskólum og frístundaheimilum, stutt verði við námsráðgjöf og heimanám barna með annað móðurmál en íslensku og samstarf við önnur sveitarfélög aukið. Þá hvetur borgarstjórn ríkið til að beita sér fyrir því að útbúið verði námsefni sem sérstaklega er ætlað börnum með annað móðurmál en íslensku og að rannsóknir og kennsla á því sviði verði eflar.

Greinargerð

Bakgrunnur

Eitt helsta markmið skólakerfis á að vera að veita öllum, óháð uppruna og efnahag, jöfn tækifæri til að fá að blómstra sem einstaklingar. Ef bakgrunnur hefur veruleg áhrif á námsárangur nemenda og þar með tækifæri þeirra í framtíðinni þá er skólakerfið ekki að sinna hlutverki sínu.

Því miður er munur á námsárangri barna eftir uppruna og bakgrunni staðreynd í íslensku skólakerfi. Brottfallstölur í þessum hóp, þegar komið er í framhaldsskóla, eru háar. Samkvæmt niðurstöðum Milli mála prófsins þarf yfirgnæfandi meirihluti barna með annað móðurmál en íslensku stuðning í íslenskukennslu. Athygli vekur að nánast helmingur þeirra barna er fæddur á Íslandi. Vinnan við að tryggja jöfn tækifæri barna óháð uppruna þarf því að hefjast strax í leikskóla.

Með vísan í skýrslu starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda og barna af erlendum uppruna sem kynnt var í skóla- og frístundaráði þann 25. september 2018 og skýrslu menntamálastofnunar „Staða grunnskólanemenda með annað tungumál en íslensku“ frá febrúar 2018 eru kynntar eftirfarandi aðgerðir og áherslur borgarstjórnar:

Móttaka barna

Mikilvægt er að móttaka barna með annað móðurmál en íslensku sé markviss og fyrir liggi m.a. mat á skólareynslu barnsins og færni þess í eigin móðurmáli áður en það hefur nám og starf í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Í samræmi við tillögu starfshópsins um móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku frá september 2018 er lagt til að keyptur verði aðgangur að nýju matstæki sem metur námsstöðu barna við komuna til landsins á móðurmáli þeirra, og eftir atvikum, stöðu á einstökum námssviðum.

Lagt er til að farið verði í vinnu við að bæta móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi. Fyrst ber að nefna verkefnið „Velkomin í hverfið þitt“ sem reynt hefur verið með góðum árangri á Árbænum í samstarfi skóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar. Þar er lögð áhersla á heilðræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna. Lagt er til að þetta verkefni verði innleitt í *öllum* hverfum borgarinnar.

Um 1300 börn með annað móðurmál en íslensku stunda nú nám við reykvíska leikskóla. Móttökuáætlanir hafa verið útbúnar en ástæða er til að endurskoða þær og bæta, ekki síst í ljósi mikillar fjölgunar í hópnum. Þá kann að vera ástæða til að athuga hvað í leikskólaumhverfinu sjálfu þarfnast endurskoðunar, í því skyni að styrkja leikskólann sem umhverfi sem leggur mikilvægan grunn að máli og læsi barna. Rétt þykir að skipa rýnihóp stjórnenda og starfsfólks til að yfirfara móttökuáætlanirnar með hliðsjón af þessum atriðum.

Gerð verði tilraun með gjaldfrjálsa aðstoð við heimanám barna með annað móðurmál en íslensku í einum borgarhluta samhliða efltri námsráðgjöf.

Styðja þarf við faglegt starf Miðju máls og læsis og huga að leiðum til að taka betur tillit til þeirra viðbótaráskorana sem hátt hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku getur kallað á. Þá ber fyrst að nefna að á vegum SFS er unnið að innleiðingu á áætlun um að auka sem fyrst við stöðugildi í skólum með hátt hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í öðru lagi skal halda áfram vinnu við nýtt reiknilíkan sem betur tekur mið af því ólíka álagi sem skólar standa frammi fyrir með ólíkri samsetningu nemendahópa.

Samstarf sveitarfélaga

Lagt er til að samstarf sveitarfélaga í málaflokknum verði aukið, sérstaklega þegar kemur að sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Er þá sérstaklega átt við samstarf varðandi stuðning við móðurmálskennslu á erlendum tungumálum, samstarf um móttöku nýrra nemenda, samstarf um reglulegt stöðumat nemenda og aðra stoðþjónustu.

Námsefni

Í ljósi hins mikla fjölda nemenda með annað móðurmál en íslensku er í raun bagalegt að ekki sé til burðugt námsefni í málaflokknum. Er þá átt við viðeigandi námsefni fyrir ólíka aldurshópa og ítarefni fyrir grunnskólakennara. Útgáfa námsefnis er á ábyrgð og forræði ríkisins og þykir rétt að hvetja ríkið til að ráðast þá þegar í þessa vinnu, annað hvort í gegnum Menntamálastofnun eða með því að auka framlög í þar til gerða samkeppnissjóði á vegum RANNÍS og rýmka úthlutunarreglur þeirra svo þeir geti betur stutt við stór verkefni.

Kennsla og rannsóknir á háskólastigi

Nauðsynlegt er að auka fagþekkingu þegar kemur að kennslu í íslensku sem öðru máli og fjölmenningarlegra starfs- og kennsluhátta í leik- og grunnskóla. Í ljósi mikils fjölda nemenda væri æskilegt að styrkja mjög þennan þátt í starfi háskóla. Efla þarf rannsóknir og símenntun og bjóða jafnvel upp á sérhæfðar námsleiðir með áherslu á íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku í leikskóla og grunnskóla. Eru menntamálayfirvöld hvött til aðgerða í þessum efnunum.